

Alþingi  
Grindi nr. 138/809  
Lumudagur 18.12.2009



FÉLAG ÍSLENSKRA  
FRAMHALDSSKÓLA

## Umsögn um frumvarp til laga um framhaldsfræðslu frá Félaga íslenskra framhaldsskóla (FÍF)

Það er ánægjulegt að fram skuli komið frumvarp um fullorðinsfræðslu í landinu og FÍF fagnar því um leið og félagið vill gera nokkrar athugasemdir við frumvarpið. Fullorðinsfræðsla er kannski í eðli sínu tvenns konar. Annars vegar er hún grunnmenntun til starfsréttinda eða stúdentsprófs, hins vegar er hún endurmenntun. Skólar sinna hvoru tveggja og hafa lengi gert. Hér skal einungis rifjað upp, að í starfsmenntaskólum er meðalaldur vel yfir tvítugt og nær þrítugu í ýmsu námi, s.s. heilbrigðisnámi. Fullorðið fólk sækir öldungadeildir og þúsundir fullorðinna stunda fjarnám. Eftirfarandi atriði viljum við áréttta.

Í 5. grein frumvarpsins þar sem fjallað er um tilhögun framhaldsfræðslu segir: „Leitast skal við að skipuleggja framhaldsfræðslu þannig að hún geti fallið að öðru námi og að hægt sé að meta nám sem skilgreint er sem framhaldsfræðsla til eininga innan hins almenna skólakerfis.“

Það vekur athygli að þó að skipulag framhaldsfræðslu eigi að taka mið af því að hægt sé að meta nám sem skilgreint er sem framhaldsfræðsla til eininga innan hins almenna skólakerfis og þar með í framhaldsskólum, er ekki gert ráð fyrir að fólk úr framhaldsskólageiranum komi að uppbyggingu framhaldsfræðslu. Í 11. grein er fjallað um stjórn Fræðslusjóðs, en hann mun ráðstafa þeim framlögum sem Alþingi ákveður í fjárlögum hverju sinni. Frumvarpið gerir ráð fyrir að stjórn sjóðsins sé skipuð átta mönnum, tveimur frá Alþýðusambandi Íslands, tveimur frá Samtökum atvinnulífsins, einum frá Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, einum frá fjármálaráðuneyti og Sambandi íslenskra sveitarfélaga sameiginlega og einum frá félags- og tryggingamálaráðuneyti. Auk þess er gert ráð fyrir að formaður sé skipaður án tilnefningar.

FÍF leggur til að í stjórn Fræðslusjóðs séu 10 fulltrúar og að FÍF tilnefni tvo fulltrúa í stjórn Fræðslustjóðs. Meginrökin fyrir þessari tillögu eru þau að í framhaldsskólunum er mjög mikil fagþekking á þessu sviði sem augljóslega myndi nýtast vel í starfi Fræðslusjóðs og að tenging við formlega skólakerfið hlýtur að vera styrkur fyrir framhaldsfræðslu almennt og sérstaklega í þeim tilgangi að auðvelda mat á einingum milli kerfanna og til að koma margvíslegum upplýsingum á framfæri til aðila framhaldsfræðslunnar, s.s. um aðstöðu sem er fyrir hendi í mörgum framhaldsskólum og þá margháttuðu þekkingu sem starfsmenn skólanna búa yfir á þessu sviði. Því er enn við að bæta að margir skólar hafa hug á að taka að sér einstök verkefni sem ráðuneytið mun úthýsa. Þess vegna er eðlilegt að fulltrúar FÍF sitji í stjórn og tryggi þannig tengsl milli þessara fræðslukerfa.

Annað atriði í frumvarpinu sem FÍF hefur áhyggjur af er að í 7. grein þar sem fjallað er um viðurkenningu fræðsluaðila segir:

„Viðurkenning skal byggjast á mati á eftirtöldum þáttum:

- a. aðstöðu til kennslu og námskeiðahalds,
- b. skipulagi náms og umsjón með því,
- c. námskrám eða námslýsingum,
- d. fjárhagsmálefnum og tryggingum,
- e. tilvist gæðakerfis með áherslu á nám fullorðinna.“

Hér er ekkert minnst á menntun eða reynslu kennara eða almennt um hvaða kröfur gera eigi til þeirra sem taka að sér kennslu í framhaldsfræðslu. FÍF leggur áherslu á mikilvægi þess að hugað sé að þessu, bæði í þeim tilgangi að auka vægi þess náms sem boðið er upp á í framhaldsfræðslu og til þess að tryggja aukin gæði námsins. Það er svo að fólk kemur inn í skólakerfið með margvíslega reynslu og pappíra sem skólar meta til eininga. Það er á valdi hvers skóla hvernig því mati er háttað og þeim mun betri tryggingar sem framhaldsfræðslunni eru settar þeim mun betra mat munu skjólstæðingar hennar fá.

F.h. Félags íslenskra framhaldsskóla,



Guðbjörg Aðalbergsdóttir, formaður